

Borgarráð Reykjavíkurborgar
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. september 2025

Mál nr. 2509448

Efni: Endurgreiðsluhlutfall vegna réttindasafns Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Á fundi stjórnar Brúar lífeyrissjóðs þann 22. september 2025 var lagt fram bréf tryggingastærðfræðings sjóðsins Bjarna Guðmundssonar, dagsett 14. september 2025 þar sem lagt er til að endurgreiðsluhlutfall launagreiðenda á greiddum lífeyri í réttindasfani Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2026 verði óbreytt frá fyrra ári eða 74%.

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur samþykkt tillögu tryggingastærðfræðingsins og vísar málinu til afgreiðslu Borgarráðs Reykjavíkurborgar í samræmi við ákvæði greinar 40 í samþykktum sjóðsins sem er svohljóðandi:

Reykjavíkurborg og aðrir aðilar sem tryggt hafa starfsmenn í R – deild skulu greiða viðbótariðgjöld mánaðarlega sem er tiltekið hlutfall af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna í R – deild.

Hlutfallstölu viðbótariðgjalds skal ákveða árlega fyrir réttindasafnið. Borgarstjórn Reykjavíkurborgar ákveður hlutfall réttindasafnsins að fenginni tillögu tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að viðbótariðgjaldið ásamt innborguðum iðgjöldum gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði réttindasafnsins og upprunasjóðs þess ef miðað er við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtunin hefði náðst allan rekstrartíma og útreiknað hlutfall verið í gildi og til framtíðar reiknað með gildandi tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur.

Hjálagt er bréf tryggingastærðfræðings.

Virðingarfyllst,
f.h. Brúar lífeyrissjóðs

Póra Jónsdóttir
Sviðstjóri réttinda- og lögfræðisviðs

2025-09-14

Gerður Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri
Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar

Umsögn um viðbótariðgjald R-deildar Brúar árið 2026

Samkvæmt gr 40.4 í samþykktum Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga skal borgarstjórn ákveða til eigi skemmri tíma en eins ár í senn hlutfall sem borgarsjóður og viðkomandi stofnanir skulu greiða R-deild sjóðsins sem viðbótariðgjald. Viðbótariðgjaldið reiknast tiltekið hlutfall af útgjöldum til lífeyrisgreiðslna. Hlutfallið skal ákveðið að fenginni umsögn sjóðsstjórnar og tryggingasterðfræðings.

Um aðferð við útreikning á hlutfallinu segir svo í grein 40.4:

“Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum iðgjöldum miðað við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstarkostnaði. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtun hefði náðst allan rekstartímann og útreiknað viðbótariðgjald verið í gildi. Til framtíðar skal reiknað með tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur sem gildandi eru á hverjum tíma.”

Að því er stefnt að framlög hvers launagreiðanda, iðgjöld að viðbættu viðbótariðgjaldi standi að jafnaði undir þeim lífeyrisréttindum sem starfsmenn launagreiðandans munu njóta hjá sjóðnum. Bakábyrgð borgarsjóðs verði aðeins virk að því marki sem fjárfestingar sjóðsins hafa ekki skilað þeirri ávöxtun sem stefnt er að, eða ef aðrir launagreiðendur reynast ófærir um að standa við skuldbindingar sínar. Miðað er við að sjóðurinn nái til jafnaðar ná 3,5% ávöxtun umfram hækkun verðlags.

Reikniforsendur breyttust lítillega frá tryggingafræðilegri athugun í lok árs 2023, örorkulíkur, barneignalíkur, giftingarlíkur og meðalaldur maka eru breytt frá fyrri forsendum og hækkuðu hinar nýju forsendur mat skuldbindinga lítillega miðað við lok 2024. Áhrifin eru þó óveruleg, eða sem svarar til 0,05% prósentustiga hækkun á útreiknuðu viðbótariðgjaldi og er ekki talin ástæða til breytinga á hlutfalli viðbótariðgjald vegna þessa. Ekki er kunnugt um breytingar á forsendum við tryggingafræðilegar athuganir við lok árs 2025 og er því gerð tillage um óbreytt hlutfall viðbótariðgjalda í R-deild, eða 74% af útgjöldum lífeyris í aðalsjóð.

Virðingarfyllt,

Bjarni Guðmundsson